

# Taktu þátt í að móta þína framtíð




Snædis Ögn Flosadóttir  
framkvæmdastjóri  
EFÍA skrifar

Á ársfundi EFÍA sem haldin var þann 11. maí sl. lagði stjórn sjóðsins fram tillögu um breytingu á samþykktum sjóðsins. Um var að ræða tillögu um aukningu áunninna réttinda allra sjóðfélaga um 3% miðað við réttindi í árslok 2015. Þar sem að ekki var um réttindaaukningu sem leiddi af lögum að ræða var breytingin borin upp til allsherjar atkvæðagreiðslu meðal sjóðfélaga í samræmi við samþykktir sjóðsins.

## Kosningar um samþykktarbreytingar

Kosning var rafræn og stóð yfir í 2 vikur eða frá 23. maí til 6. júní. Þáttaka var, líkt og áður, dræm en einungis kusu um 21% sjóðfélaga á kjörskrá. Réttindaaukning var samþykkt með miklum meirihluta en 89% greiddu atkvæði með aukningunni, 10,5% á móti og 0,5% sátu hjá. Samþykktirnar hafa nú verið staðfestar af fjármála- og efnahagsráðuneytinu og búið er að færa aukningu réttinda inn hjá sjóðfélögum.

### Niðurstaða kosninga




Mynd 1

## Könnun samhliða kosningu

Á kjörseðli í ár var jafnframt að finna könnun sem stjórn bað sjóðfélaga að taka þátt í, könnunin var stutt og sneri einungis að aldursbili þeirra sem kjósa. Með þessu vildi stjórn leitast við að sjá hvort einhverjir aldurshópar væru að fara á mis við upplýsingaefni frá sjóðnum og skoða þá í framhaldi hvað megi gera til að bæta upplýsingaflæðið. Vakin er sérstök athygli á því að ekki var hægt að rekja niðurstöðu kosningar niður á aldursbil né aldursbil sem valið var til einstakra sjóðfélaga.

Niðurstöður könnunarinnar eru um margt áhugaverðar. Ef skoðuð er aldursdreifing þeirra sjóðfélaga sem tóku þátt í kosningunni og hún borin saman við aldursdreifingu innan sjóðsins má sjá að þáttaka er þeim mun meiri eftir því sem aldurinn færir yfir og áberandi minnst hjá yngsta aldurshópnum. Sem dæmi má sjá að sjóðfélagar á aldrinum 35 ára og yngri eru um 24% af sjóðnum í heild, sjóðfélagar á þessum aldri voru hins vegar einungis 13% þeirra sem tóku

þátt í kosningunni. Elsti hópurinn, 65 ára og eldri, er hins vegar um 11% af sjóðnum en það aldursbil átti um 27% atkvæða í kosningunni mynd 2.




Mynd 2

Ef svo er skoðað hvaða hlutfall innan hvers hóps er að taka þátt má sjá að rúmlega helmingur allra sjóðfélaga á aldrinum 65 ára og eldri greiddi atkvæði á móti einungis 11% allra sjóðfélaga á aldrinum 35 ára og yngri. mynd 3

## Kosningaþáttaka

Hlutfall sjóðfélaga innan hvers aldursbils sem greiddi atkvæði í kosningunni 2016



Mynd 3

Góðri þáttöku líkt og þeirri sem sjá má hjá elsta aldurshópnum ber að sjálfsögðu að fagna en mikilvægt er að raddir allra heyrist. Ljóst er að það verkefni liggur nú fyrir að skoða með hvaða hætti megi höfða til allra aldurshópa sjóðfélaga því þrátt fyrir að eðlilegt sé að áhugi á lífeyrismálum aukist í takt við hækkandi aldur skiptir lífeyrissjóðurinn sjóðfélaga á öllum aldri miklu máli.

Kosningaþáttaka 2016 var dræm líkt og fyrri ár en stjórn og framkvæmdastjóri vilja allt til vinna þegar kemur að því að auka þáttöku og áhuga sjóðfélaga á málefnum sjóðsins. Öllum ábendingum og óskum um fræðsluefni, hvort sem um er að ræða fræðslufundi eða frekara efni á heimasíðu sjóðsins, er tekið fagnandi og má koma þeim á framfæri við stjórn eða framkvæmdastjóra sjóðsins. Að lokum viljum við minna á heimasíðu sjóðsins efia.is en þar má nálgast ítarlegar upplýsingar og fréttir af starfseminni.